




Leiðbeiningar um varasaman gróður



Mars 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:11

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.uos.is

1 Leiðbeiningar um varasaman gróður

1.1 Lagagrundvöllur

Leiðbeiningar þessar eru útbúnar samkvæmt reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi barna og annarra í leik og umgengni við þar til gerð leikvallatæki eða leiksvæði með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Reglugerðin er sett á grundvelli 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og markaðsgæslu.

Reglugerðin gildir um öryggi leiksvæða og leikvallatækja og annarra tækja sem börn nota til leikja á skipulögðum leiksvæðum og eftirlit með þeim, hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar. Reglugerðin gildir einnig um skapandi leiksvæði.

Samkvæmt viðauka II við reglugerðina gildir eftirfarandi: „Gæta skal að því að á leiksvæðum sé hvorki þyrndur og/eða eittraður gróður né gróður sem valdið getur ertingu eða sárum. Umhverfisstofnun gefur út lista um varasaman gróður.“

1.2 Skilgreining

Víða er að finna plöntur sem þarf að varast að snerta eða neyta. Sumar plöntur valda ertingu og óþægindum í augum, slímhimnu og húð eða öðrum ofnæmisviðbrögðum. Aðrar plöntur eru eittraðar að hluta eða öllu leyti. Þynnar plantna geta valdið stungusárum og miklum skaða ef þeir lenda í augum. Nokkrar tegundir eittraðra sveppa finnast líka í íslenskri náttúru og geta þær, sé þeirra neytt valdið varanlegum skaða á líffærum og jafnvel dauða.

1.3 Ábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á að leiksvæði sé í samræmi við lög og reglur.

1.4 Leiðbeiningar

1.4.1 Almennt

Þegar valinn er gróður inn á leiksvæði barna þarf að velja tegundir þannig að börnum sé skapað heilbrigt og náttúrulegt umhverfi. Næst þeim svæðum sem börn leika sér ætti að forðast að

nota plöntur með þyrna og gæta þess að plöntur séu ekki varasamar m.a. vegna hugsanlegra eitrunaráhrifa.

Á leiksvæðum þarf reglulega að yfirfara gróðursvæði og meta hvort hætta geti stafað af trjám af einhverjum ástæðum. Meta þarf hvort tré hafi orðið fyrir skemmdum sem leitt geti til óhapps eða slysa. Jafnframt þarf að gæta þess að varasamar tegundir dreifi sér ekki í gróðurbeðum innan leiksvæðisins.

Ef börn hafa sett í munn einhvern hluta af plöntu sem er varasöm þarf að fjarlægja plöntuna úr munn barnsins og hafa samband við Eitrunarmiðstöð Landsspítala (s: 543-2222) til að fá frekari ráðgjöf.

Tilgangur þessa lista er að taka saman plöntur þar sem plantan í heild eða hluti hennar getur valdið óþægindum eða eitrun s.s. magaverk, ógleði, uppköstum og/eða niðurgangi.

Listi yfir varasaman gróður verður aldrei tæmandi og krefst stöðugar endurnýjunar.

1.4.2 Listi yfir varasaman gróður

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Eiturefni
Tré og runnar		
Ljósalyng	Andromeda polifolia	
Töfratré	Daphne mezereum	
Bergflétta	Hedera helix	Berín eru eitruð
Gullregn	Laburnum alpinum	Í frægjum (baunum). Eiturefni svipar til níkótíns.
Ýviður	Taxus baccata Aurea	
Ýviður Summergold	Taxus baccata Summergold	
Fjölærar jurtir		
Venusvagn	Aconitum napellus	Akónítín. Veldur doða og óreglulegum hjartslætti.
Fagurhjálmur ‚Bicolor‘	Aconitum x cammarum Bicolor	Akónítín. Veldur doða og óreglulegum hjartslætti
Nunnuþrúgur	Actaea rubra	
Dalalilja	Convallaria majalis	Hjartaglúkósíð
Fingurbjargarblóm	Digitalis purpurea	Hjartaglúkósíð

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Eiturefni
Sedrusmjólk	<i>Euphorbia cyparissias</i>	Hvítur mjólkursafi sem er eitraður
Gullmjólk Mjólkurjurt	<i>Euphorbia epithymoides</i> (<i>Euphorbia polychrome</i>)	Hvítur mjólkursafi sem er eitraður
Mýramjólk	<i>Euphorbia palustris</i>	Hvítur mjólkursafi sem er eitraður
Jöklarós	<i>Helleborus niger</i>	
Fösturós	<i>Helleborus orientalis</i>	
Mjallarkirtill	<i>Zygadenus elegans</i>	
Íslensk flóra		
Pistill	<i>Cirsium arvense</i>	Stönglar með þyrnum
Maríuvöndur	<i>Gentiana campestris</i>	Alkolíðar og glykósíð
Tröllahvönn Bjarnarklór	<i>Heracleum</i>	Furanocoumarina æsist upp í sólarljósi og veldur ofnæmisvirkni
Ferlaufungur	<i>Paris quadrifolia</i>	Eitrað ber við þroskun
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	Glúkósínólata
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	Oxalsýra
Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>	Efni sem getur valdið lifrarskemmdum
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	Blásýra í litlum mæli
Mýrarsauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>	Blásýra í litlum mæli
Hóffífill	<i>Tussilago farfara</i>	Efni sem getur valdið lifrarskemmdum
Brenninetla	<i>Urtica dioica</i>	Brennihár valda sviða á húð
Sveppir		
Berserkjasveppur		
Garðlumma		
Viðarkveif		

2 Ítarefni

Reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim
<https://island.is/reglugerdir/nr/1025-2022>

Félag garðplöntuframleiðanda, gagnagrunnur
<https://gardplontur.is/>

Póra Ellen Þórhallsdóttir, „Hvaða plöntur á Íslandi eru eittraðar?“, Vísindavefur Háskóla Íslands
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1183>

Ágúst H. Bjarnason, Eittraðar og varasamar plöntur
<https://www.ahb.is/eitradar-og-varasamar-plontur/>